

Greining og aðstoð

Á vefsíðunni Lesvefurinn er hægt að fá upplýsingar um hvar hægt er að fá greiningu sjá http://lesvefurinn.khi.is/greining_adstod

Á vefsíðunni koma ekki fram upplýsingar greiningar í framhaldsskóla, vísað er á heimasíður skólanna.

Samkvæmt nýjum framhaldsskólalögum frá júní 2008 skal framhaldsskóli gera grein fyrir því í skólanámskrá hvernig staðið er að skimun og greiningu leshömlunar, ásamt eftirfylgni og stuðningi við nemendur sem greindir eru með leshömlun.

Hægt er að leita til námsráðgjafa eða umsjónaraðila með málefnum lesblindra ef upplýsingar eru óljósar. Mikilvægt er að gæta þess að greining úr grunnskóla fylgi nemanda. Ættu foreldrar og nemandi strax í upphafi nám að fá viðtal hjá námsráðgjafa eða umsjónaraðila lesblindumála skólans sbr. Stoðkerfi dyslexía – lesblinda við Fjölbrautaskólann við Ármúla.

Nemandi á framhaldsskólastigi verður sjálfur (með aðstoð foreldra) að sækjast eftir þeim stuðningi og þeim úrræðum sem eru forsenda þess að hann geti sýnt hvað í honum býr.

Framhaldsskólar fá fjárveitingar samkvæmt ákveðnu reiknilíkani en þar er ekki gert ráð fyrir fjárframlögum til sérkennslu eða aukalegum námsstuðningi við nemendur. Framhaldsskólum er því í sjálfsvald sett hvort eða hvernig þeir koma á móts við ólíkar þarfir nemenda. Þetta á vonandi eftir að breytast þar sem þörfin fyrir stuðning hverfur ekki við lok grunnskóla.

Elín Vilhelmsdóttir